

Reykjavíkurborg
Dagur B. Eggertsson borgarstjóri
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Reykjavík, 21. ágúst 2017

Efni: Álagning fasteignaskatts

Þann 15. nóvember 2016 sendi Félag atvinnurekenda (FA) Reykjavíkurborg beiðni um rökstuðning fyrir beitingu heimildar laga nr. 4/1995 til að leggja álag á fasteignaskatt fyrirtækja sem staðsett eru innan sveitarfélagsins.

Svar borgarinnar barst með tölvubréfi dags. 23. mars 2017 en þar kom fram ekki væri breytt út frá fyrri árum í samþykktum borgarráðs vegna fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar 2017 og væri álagningarprósenta fasteignaskatta á atvinnuhúsnaði sú sama 2017 og verið hefði síðastliðin ár eða 1,65%. Ljóst væri að þetta kæmi ekki til endurskoðunar að svo stöddu.

Í svarbréfi borgarinnar var ekki að finna efnislegan rökstuðning fyrir nauðsyn þess að beita umræddri álagsheimild. Þar var heldur ekki að finna vísun til neinna kostnaðarútreikninga, sem sýndu fram á nauðsyn þess að beita álaginu á fasteignagjöld fyrirtækja sökum kostnaðar við að veita þeim þjónustu.

Í ljósi þess að nú fer að líða að gerð fjárhagsáætlunar borgarinnar fyrir næsta ár ítrekar FA áskorun stjórnar félagsins frá 8. júní 2017 en þar sagði m.a.¹:

„Stjórn Félags atvinnurekenda hvetur sveitarfélög eindregið til að endurskoða álagningarprósenta fasteignagjalda á atvinnuhúsnaði, til mótvægis við gífurlegar hækkanir á fasteignamati. Að óbreyttu fela þær hækkanir í sér að skattbyrði fyrirtækja þyngist um milljarða króna.“

Þar kom jafnframt fram að fasteignagjald er í eðli sínu afar óheppileg skattheimta á fyrirtæki enda leggst skatturinn á eigið fé þeirra óháð afkomu. Hækkanir á fasteignaverði og þar með fasteignamati hafa ekkert um afkomu flestra fyrirtækja að segja en stuðla að aukinni skattbyrði þeirra. Áskorun sama efnis var send sveitarfélögum fyrir rúmu ári eða þann 14. júní 2016.²

Samkvæmt tolum í Árbók sveitarfélaga sem finna má á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga nam álagður fasteignaskattur á fyrirtæki í Reykjavíkurborg 7.655.975.000 kr. árið 2013. Árið 2016 nam álagður skattur 9.487.141.000 króna. Á þremur árum hækkaði fasteignaskattur fyrirtækja um 1.831.166.000 krónur eða 23,9%. Það gefur auga leið að slík hækjun er


¹ Frétt á vef Félags atvinnurekenda 8. júní 2017: <http://www.atvinnurekendur.is/frettir/stefnir-malshofdun-vegna-fasteignagjalda/>

² Frétt á vef Félags atvinnurekenda 14. júní 2016: <http://www.atvinnurekendur.is/frettir/sveitarfelog-laekki-skatthlutfall-a-atvinnuhusnaedi/>

gríðarlega íþyngjandi fyrir fyrirtæki. Því er brýnt að Reykjavíkurborg bregðist við hinum miklu hækjunum á fasteignamati og afleiðingum þess á innheimtu fasteignagjálfa og taki mið af þessum veruleika við vinnu sína við gerð fjárhagsáætlunar fyrir 2018.

Virðingarfyllst,

Ólafur Stephensen framkvæmdastjóri FA



Inga Skarphéðinsdóttir

Inga Skarphéðinsdóttir lögfræðingur FA